



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/289
komudagur 1.11.2012

Reykjavík, 01.11.2012
Tilv. 90.13
JS/mþ

Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands, 141. löggjafarþing 2012-2013, 214. mál

Vísað er í erindi Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 24. október 2012 um ofangreint málefni.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við fyrirleggjandi I. Kafla frumvarp og snúa sérstaklega að Hafrannsóknastofnuninni og breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum:

1. Til samræmis við aðra liði frumvarpsins ætti í 13. gr. laganna, 1. málsg. að standa "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra" í stað "Sjávarútvegsráðherra".
2. Með niðurfellingu 11. gr. núverandi laga hverfur stjórn stofnunarinnar, en í stað hennar verður skipuð ráðgjafarnefnd (sbr. 15. gr.) með fulltrúum tveggja ráðuneyta, útvegsmanna og sjómanna. Eðlilegt er að til álita komi að bæta við fulltrúa starfsmanna í samræmi við fyrra fyrirkomulag þegar starfsmenn áttu fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.
3. Í samræmi við nýja 18. gr. a skal starfa sérstök samstarfsnefnd ráðuneyta um mótun langtíma nýtingarstefnu. Hér er um mikilvæga nýjung að ræða. Reynslan hefur hins vegar sýnt að við mótun slíkrar stefnu er mikilvægt að aðilar í atvinnugreininni komi virkt að þessu starfi svo sem mest sátt ríki um niðurstöðuna. Þess vegna er athugunar vert hvort ekki sé í lagasetningu kveðið á um aðkomu atvinnugreinar að þessum þætti, annað hvort með formlegri skipan í samstarfsnefnda eða með samráðsferli aðila sem kveðið væri á um í lögum.

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

4. Í athugasemdum við I. Kafla frumvarps segir varðandi mótun langtíma nýtingarstefnu að þar sé við átt að leggja "línur um hvernig nýta skuli og byggja upp mismunandi nytjastofna, þar sem sjálfbærni verður ávallt höfð að leiðarljósi, og taka þar jöfnum höndum tillit til líffræðilegra, hagrænna og félagslegra þátta". Ekki er að fullu ljóst hvað átt er við með "jöfnum höndum". Undirstrikað skal að Hafrannsóknastofnunin lítur svo á að við mótun stefnu sé litið til hagrænna jafnt sem félagslegra þátta, en ávallt haft í fyrirrúmi að nýtingin sé sjálfbær í líffræðilegu tilliti og að stofnum lífvera sé ekki stefnt í hættu þó ekki þurfi að miða við að halda öllum stofnum í mögulegu hámarki.

5. Að lokum væri tækifæri við endurskoðun þessa lagabálks að sleppa ákveðnum greini í heiti stofnunarinnar svo nafn hennar verði ekki Hafrannsóknastofnunin heldur Hafrannsóknastofnun, sem er nokkuð þjálfa.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 141/281
komudagur 31.10.2012



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2012
Mál nr. 1210007

Efni: Umsögn, frumvarp til laga um breytingar á Stjórnarráði Íslands, 214. mál

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á stjórnarráði Íslands, 214. mál.

Samtökin leggja til að í stað þess að umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið forræði varðandi "mótun langtímanýtingarstefnu fyrir fiskistofna og eftir atvikum aðrar lifandi auðlindir hafsins" verði forræðið hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Ákvarðanir um nýtingu fiskistofna og hafrannsóknir hafa verið á ábyrgð ráðherra sjávarútvegs mála í áratugi með góðum árangri. Samtökin telja mikilvægt að svo verði áfram enda gefur auga leið að mest þekking og reynsla varðandi nýtingu og verndun fiskistofna verður til innan þess ráðuneytis sem fer með málaflokkinn. Samtökin benda á í þessu samhengi að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með hagsmunum Íslands í viðamiklu alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sameiginlegra fiskistofna, svo sem norsk-íslenskrar sildar, úthafskarfa, makrils, kolmunna, grálúðu og fleiri tegunda, þar sem mótun langtímanýtingar viðkomandi fiskistofna er grundvallarþáttur.

Samtökin leggja til að verði samstarfsnefnd skv. k. lið 1. gr. frumvarpsins sett á laggirnar undir forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra verði tryggt að fulltrúar sjávarútvegsins eigi þar sæti. Mikilvægt er að sjónarmið atvinnugreinarinnar komist að við mótun langtímanýtingarstefnu. Samtökin telja að góður árangur Íslands við stjórn og nýtingu fiskistofna sé ekki síst að þakka nánú samstarfi stjórnvalda, rannsóknaraðila og atvinnugreinarinnar. Nauðsynlegt er að styrkja þetta samstarf enn frekar, í stað þess að draga úr því.

Af framangreindu leiðir að breyta þarf forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 100/2012, þar sem kveðið verði á um að verkefni í k. lið 6. gr. flytjist yfir í k. lið 2. gr. Þá teljum við rétt að forsetaúrskurðurinn verði endurskoðaður með það að markmiði að færa þá málaflokk sem lúta að málefnum hafsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfoss, 30. október 2012

Umsögn Matvælastofnunar

Þskj. 222 — 214. mál.

Um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum
lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands

Umsögn þessi nær einungis til III. og VIII. kafla frumvarpsins, þ.e. þeim köflum sem tengjast starfssviði Matvælastofnunar.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp þar sem Matvælastofnun verður falið að annast framkvæmd dýraverndunarlaganna og starfsemi dýraverndarráðs. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við yfirfærslu verkefnanna frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Þvert á móti fagnar stofnunin þessum breytingum, enda hefur stofnunin lengi talið heppilegast að verkefni tengd dýravelferðarmálum væru á einni hendi. Stofnunin telur því að frumvarpið muni stuðla að bættri framkvæmd þessa málaflokks.

Hins vegar vill Matvælastofnun í umsögn þessari benda á að nokkuð hefur vantað uppá að framkvæmd og eftirlit með dýraverndarlögum nr. 15/1994 hafi verið fullnægjandi. Hefur þar einkum komið til skortur á starfsfólki og fjármunum sem ætluð eru málaflokknum. Við fyrirhugaðar breytingar telur stofnunin nauðsynlegt að tryggð verði að stofnuninni verði tryggt nægjanlegt fjármagn til að taka við þeim verkefnum sem henni verða nú falin.

Stofnunin telur rétt að víkja aðeins að ákveðnum þáttum er varða breytingar á verkswið stofnunarinnar vegna dýravelferðarmála. Til að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni eru nú ætluð áætla stofnunin að ráða þurfi sérstakan sérgreinadýralækni dýravelferðar. Hans hlutverk verður að sinna sérstökum aðgerðum og almennri fræðslu á þessu sviði, þ.m.t. forvarnarstarfi og eftirliti með framkvæmd laganna. Honum til aðstoðar munu koma eftirlitsdýralæknar sem staðsettir eru á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar. Þá er ljóst miðað við árlegan fjölda dýravelferðarmála að stjórnarsýsluþáttur laganna kallar á aukin umsvif hjá stjórnarsýslusviði stofnunarinnar og ljóst að auka verður við starfshlutfall lögfræðings til að styðja við eftirlitsaðgerðir dýralækna og fylgja eftir dýravelferðarmálum. Sömuleiðis verður að gera stofnuninni kleift að rækja skyldur sínar gagnvart dýraverndarráði, en gert er ráð fyrir að stofnunin annist starfsemi ráðsins, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Við útreikninga á kostnaði sem hlýst af verkefnum núgildandi laga, verður til viðbótar við eiginlegan launakostnað að taka mið af starfstengdum kostnaði þessara starfsmanna.

Rétt er að vekja athygli á að þessi umsögn tengist ekki frumvarpi að nýjum dýravelferðarlögum sem nú liggja fyrir Alþingi. Það frumvarp gerir umtalsverðar kröfur á eftirlitsaðila og er ætlað að auka eftirlit og úrvinnslu með dýravelferðarmálum á margvíslegan hátt og auka þannig við velferð dýra hérlendis. Matvælastofnunin hefur áður lagt fram kostnaðarmat sem tekur tillit til þess frumvarps (það kostnaðarmat nær reyndar einnig til breytinga sem gera þarf á lögum um

búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og snýr að öflun hagtala í landbúnaði). Stofnunin telur að hafa megi fyrrgreint kostnaðarmat til hliðsjónar til að meta þann kostnað sem eftirlit með dýravelferð hefur í för með sér, ef því er sinnt sem skyldi.

Matvælastofnun telur afar mikilvægt að hugað sé að þessum þætti strax, stofnunin telur til lítils að fara af stað með breytingar og færa málaflokka milli stofnana nema að verkefnum fylgi nægjanlegt fjármagn til að tryggj sé að hægt sé að sinna þeim í samræmi við þær skyldur sem löggin kveða á um.

F.h. Matvælastofnunar,

Stefán Guðmundsson,
forstöðumaður rekstrar- og mannauðssviðs.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands, 214. mál.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins á framangreindu frumvarpi, sbr. þingskjal 222.

Samtökin hafa kynnt sér efni frumvarpsins og leggja til eftirfarandi breytingar:

- a) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra verði falið forræði varðandi „mótun langtímanýtingastefnu fyrir fiskistofna og eftir atvikum aðrar lifandi auðlindir hafsins“ en ekki umhverfis- og auðlindaráðherra.

Ákvarðanir um nýtingu fiskistofna og hafrannsóknir hafa verið á ábyrgð ráðherra sjávarútvegs mála í áratugi með góðum árangri. Mest þekking og reynsla varðandi nýtingu og verndun fiskistofna er innan þess ráðuneytis. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fer með hagsmuni Íslands í viðamiklu alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sameiginlegra fiskistofna, svo sem norsk-íslenskrar síldar, úthafskarfa, makríls, kolmunna, grálúðu og fleiri tegunda, þar sem mótun langtímanýtingar viðkomandi fiskistofna er grundvallarþáttur.

- b) Tryggt verði að fulltrúar sjávarútvegsins eigi sæti í fyrirhugaðri samstarfsnefnd undir forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sbr. k. lið 1. gr. frumvarpsins.

Góður árangur Íslands við stjórn og nýtingu fiskistofna er m.a. að þakka nánu samstarfi stjórnvalda, rannsóknaraðila og atvinnugreinarinnar og mikilvægt er að styrkja þetta samstarf enn frekar.

- c) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hafi sem fyrr forræði á málefnum skv. lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Áætlunin hefur verið á forræði iðnaðarráðuneytisins um langt skeið og þar hefur verið unnið faglega að undirbúningi svokallaðrar rammaáætlunar. Þar er að finna þekkingu á orkumálum og atvinnuuppbyggingu. Nauðsynlegt er að tekið verði mið af sjálfbærri þróun við undirbúning áætlunarinnar á hverjum tíma og að efnahagsleg og félagsleg sjónarmið verði höfð til hliðsjónar ekki síður en hin umhverfislegu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er best fallið til að gæta þess að mati samtakanna.




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Af framangreindu leiðir að breyta þarf til samræmis forsetaúrskurði nr. 100/2012, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins





VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2012

Mál 214.

Veiðimálastofnun barst til umsagnar mál 214 í þingskjali nr. 222, frumvarp til laga um um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands.

Frumvarpið tekur til ýmissa laga vegna breytinga sem gerðar voru í haust í skipan ráðuneyta og tilfærslu verkefna á milli ráðuneyta eins og nánar er greint frá í athugasemdum við frumvarpið. Betra hefði verið að undirbúa þessar breytingar betur og í samráði við þá aðila er málið varðar. Tími sem gefinn var nú til umsagnar við frumvarpið er einnig mjög knappur, aðeins örfáir vinnudagar.

Almennt séð getur verið jákvætt að ráðuneytum hafi fækkað og þau gerð sterkari. Frumvarpið tekur beint til Veiðimálastofnunar sem flutt var á milli ráðuneyta. Stofnunin tilheyrði áður Sjávar- og landbúnaðarráðuneyti sem varð að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en var flutt yfir í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Auk Veiðimálastofnunar voru einnig Íslenskar Orkurannsóknir færðar í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Stefnan er að rannsóknir og ráðgjöf er varða náttúruauðlindir tilheyri því ráðuneyti. Þó er ein stór undantekning þar á. Hafrannsóknarstofnun er einhverra hluta vegna ekki færð. Enginn eðlismunur er samt á starfsemi þeirrar stofnunar og starfsemi Veiðimálastofnunar. Hafrannsóknastofnun rannsakar náttúrfar hafsins og gefur ráðgjöf um nytjastofna þar, en Veiðimálastofnun rannsakar náttúrufar í ám og vötnum og gefur ráðgjöf um nytjastofna þar. Fyrstu greinar frumvarpsins fjalla um hvernig koma á tengingum milli Hafrannsóknastofnunar og ráðuneytis umhverfis- og auðlinda. Hreinlegra hefði verið að færa þá Hafrannsóknarstofnun líkt og Veiðimálastofnun. Slíkt fyrirkomulag hefði verið heildstæðara og í meira samræmi.

Kaflar IX í frumvarpinu fjallar um Veiðimálastofnun. Þar er bætt við einum manni í ráðgjafanefnd stofnunarinnar en eðlilegt er að tryggja aðkomu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis að stofnuninni. Ef til vill hefði mátt fækka um einn mann í nefndinni um leið. Fulltrúi Landssambands veiðifélaga fer með hagsmuni veiðiréttarhafa bænda sem og annarra. Því er fulltrúi Bændasamtaka Íslands óþarfur í nefndinni.

Í kafla X er fjallað um breytingar á lögum um um lax- og silungsveiði. Þær breytingar sem þar eru lagðar til eru með öllu óþarfar. Engar efnisleg skýringar er að finna í frumvarpinu. Svo virðist sem að þær séu gerðar til að draga úr áhrifum Veiðimálastofnunar svo að ráðuneyti Atvinnuvega- og nýsköpunar og Fiskistofa hafi óbundnari hendur. Það er slæmt ef draga á úr áhrifum rannsóknastofnana þegar kemur að nýtingu náttúrulegra stofna sem verður að vera sjálfbær. Þetta er einnig andstætt einu af meginmarkmiðum þess að breyta Stjórnarráði Íslands það að ryðja úr vegi múrum milli ráðuneyta. Með þessum breytingum sem lagðar eru til í X. kafla er að því er virðist hið gagnstæða gert. Veiðimálastofnun leggst því gegn þeim breytingum rétt eins og hún gerði við undirbúning þessa hluta frumvarpsins þegar það var í vinnslu innan Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Veiðimálastofnun hefur átt gott samstarf við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og vonandi verður svo áfram við nýtt Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Sjóðir sem vistaðir voru hjá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti verða vistaðir hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafa styrkt rannsóknir Veiðimálastofnunar. Þetta eru Fiskræktarsjóður, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og AVS (Aukin verðmæti sjávarfangs). Það veldur áhyggjum ef að aðgengi stofnunarinnar að þessum sjóðum dvínar þar sem þetta skiptir mjög miklu máli fyrir rannsóknargetu stofnunarinnar. Ef tekur fyrir fjármagn úr þessum sjóðum kemur það mjög hart niður á starfi Veiðimálastofnunar.

Að öðru leyti virðast breytingar þær sem gerðar eru og snerta starfssvið Veiðimálastofnunar vera eðlilegar í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á Stjórnarráði Íslands og tilfærslu verkefna milli ráðuneyta.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri